



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands varðandi samningaviðræður við fulltrúa vinnuafslsins

Á fundi borgarráðs þann 3. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú hafa staðið yfir samningaviðræður við fulltrúa vinnuafslsins og það er því gríðarlega mikilvægt að eiga samtal við þá. Er fyrirhugað að hitta fulltrúa vinnuafslsins með sama hætti og hefur verið fundað með fulltrúum atvinnulífsins?

Svar:

Reykjavíkurborg á í miklum og góðum samskiptum við starfsfólk, fulltrúa starfsfólks og stéttarfélag þeirra. Ekki aðeins við kjarasamningsborðið heldur einnig í samráðsnefndum um framfylgd kjarasamninga, í stórum verkefnum sem varða launasetningu, einsog starfsmati og í nýlegum úttektum á starfsaðstæðum í leikskólum og grunnskólum, jafnt sem stefnumótun einsog mótun menntastefnu svo dæmi sé tekið, að ógleymdu árangursríku samstarfi um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

Þá hefur borgin haft mjög náið og mikið samstarf við fulltrúa stærstu stéttarfélag landsins á sviði húsnæðismála, við undirbúning nýrrar löggjafar um húsnæðismál, stofnun byggingarsamvinnufélagsins Bjargs, úthlutun lóða til að gera þá uppbyggingu að veruleika, eftirfylgni með útfærslu og framvindu verkefna á sviði húsnæðismála, og þannig mætti áfram telja.

Í upphafi kjörtímabilsins var það metið svo að einnig væri mikilvægt að eiga samtöl við fulltrúa fyrirtækja og atvinnulífs og hefur formaður borgarráðs fundað með hagaðilum atvinnulífsins undanfarna 10 mánuð. Tilgangur fundanna er að taka upp reglubundið samtal og samráð við fulltrúa atvinnulífsins með það að markmiði að borgin og atvinnulífið í Reykjavík skilji betur gagnkvæmar þarfir og væntingar. Í meirihlutasáttmála stendur:

„Reykjavík á að vera eftirsótt og aðlaðandi borg. Fjölbreytt atvinnulíf, nýsköpun, skapandi greinar og sprotafyrirtæki eiga að blómstra í Reykjavík. Til þess þarf fjölbreytt framboð atvinnuhúsnæðis og atvinnusvæða. Þekkingarsvæði í Vatnsmýri og skapandi hverfi í Gufunesi og á Granda eru meðal vaxtarbrodda en huga þarf að fjölbreyttu atvinnulífi í öllum hverfum borgarinnar. Reykjavík er stærsti ferðamannastaður landsins. Borgin mun áfram beita sér í markaðssetningu borgarinnar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn á forsendum íbúa og leitast við að stýra álaginu eins og gert hefur verið með staðsetningu hótela, markvissara eftirliti með skammtímaleigu til ferðamanna og stýringu á rútuumferð á viðkvæmum svæðum. Við viljum að þjónusta borgarinnar við fólk sem er að opna ný fyrirtæki verði

framúrskarandi, að útgáfa leyfa sé sneggri og einfaldari og að Reykjavík hvetji til atvinnu- og verðmætasköpunar.“

Samtal við atvinnulíf stuðlar að þessum markmiðum. Ásamt því að bæta notendamiðað þjónustu, einfalda kerfið og auka upplýsingaflæði. Samtal og samráð Reykjavíkurborgar við fulltrúa launþegasamtaka, bæði heildarsamtaka og einstakra félaga, er að sama skapi mikilvægt og víðtækt eins og að framan greinir.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir